

Gos í Eyjafjallajökli - staða 6. maí 2010 kl. 18:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Birni Oddssyni, Agli Axelssyni, Matthew J. Roberts, Sigrínu Hreinsdóttur, Halldóri Björnssyni.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, þyrluflugi Landhelgisgæslunnar og tilkynningum frá farþegaflugvélum, MODIS gervihnattamynd og tilkynningum á vef VÍ

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Athugun flugmanna milli kl. 05:30 og 08:00: 30.000 fet/ 9 km. Þyrluflug LHG milli kl. 13 og 14: stundum undir 20.000 ft/6 km (þar er skýjabakki) og sveiflast upp í skýjabakkann. Hæð er breytileg í ratsjá, 4-7 km. Mökkur þrískiptur, efsta lag leggur til SA, neðra lag er með jaðar til SSA og neðst er rykský í jaðarlagi sem sameinast fjúki undir Eyjafjöllum.

Stefna: ASA yfir landi, svo til S (metið út frá AVHRR mynd frá NOAA kl 04:35 og 11:54).

Litur: Dökkgrár (skv. Lögreglumanni frá Hvolsvelli sem var staddur við Rauðafell). Dökkur, grár (skv athugunum frá LHG).

Gjósकुfall: Tilkynning um allnokkuð öskufall barst frá Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri (65-70 km fjarl) (allt orðið svart) kl 07:20. Óvíst hvort mökkur undir Eyjafjöllum en öskufjúk eða beint öskufall.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst síðasta sólarhringinn á kerfi VÍ.

Drunur: Heyrast ekki á Hvolsvelli. Heyrðust ekki á Seljavöllum um hádegið. Hafa þó heyrst á Heggstaðanesi, Húnavatnssýslu í dag og síðustu daga.

Bræðsluvatn: Áfram dregur úr rennsli frá Gígjökli og virðist sem vatnið komi nú að meginu til undan jöklinum austan megin. Þetta er breyting frá því á þriðjudag en þá rann vatnið að stórum hluta frá Gígjökli vestan megin. Hugsanlegt er að hraunrennslið sé að breyta rennslisstefnu vatnsins. Við svona breytingar ber af hafa í huga að vatn getur safnast saman í dældum og hlaupið snögglega fram. Rennsli við gömlu Markarfljótsbrúna hefur einnig farið minnkandi og sjást nú dæmigerðar dægursveiflur í vatnsmagni og hita. Hækkun á rafleiðni í Jökulsá á Sólheimasandi má rekja til

mengunar frá ösku sem borist hefur af jökli í jökulvatnið. Ekki er því um efnamengun af völdum brennisteinsríkra kvikugastegunda að ræða.

Aðstæður á gosstað: Hraunrennsli hefur minnkað verulega og stendur hrauntingan í stað síðan í gær. Að sama skapi hefur sprengivirkni aukist til muna og má telja að mestur hluti kvikunnar sé nú sundrað í sprengingum. Svartur gosmökkur stígur beint upp frá gosstöðvum og upphleðsla gígs heldur áfram. Breytingar á hegðun goss á gosstað eru því töluverðar frá síðustu dögum.

Órói: Fór enn minnkandi í gær og fram til morguns. Er svipaður og hann var að jafnaði í fyrsta fasa gossins, 14.-17. apríl.

Jarðskjálftar: Áframhaldandi skjálftavirkni. Búið er að staðsetja a.m.k. 10 skjálfta frá miðnætti. Skjálftar verða enn flestir undir eða sunnan toppgígs og verða í þeirri rás upp í gegnum skorpuna sem þeir hafa myndað frá 3. maí. Flestir skjálftar eru undir tveimur að stærð, sá stærsti 2,2. Þrír skjálftar hafa verið staðsettir austar, undir SA-verðum jöklinun, dýpi óvíst.

GPS-aflögun: Mælingar umhverfis Eyjafjallajökul sýna áframhaldandi láréttar færslur. Suður af gosstöðvum, eru stöðvarnar THEY og SVBH farnar að færast til suðurs, á meðan FIM2, austur af gosstöðvunum, færast til norðurs. Ekki hefur mælst áfram færsla til norðurs á stöð STE2, norðan jölkulsins. Þessar nýjustu færslur benda til þess að aflögun á sér stað undir suðaustanverðum Eyjafjallajökli.

Annað: Í gær sáust engar breytingar (aðrar en dægur- og tunglsveiflur) á næsta þenslumæli (Stórólshvoli), um 35 km VNV af gosstöðvum frá 14. apríl-5. maí. Nýleg greining á ösku sýnir nær óbreytt efnainnihald, kannski örlítið frumstæðari kvika, breyting þó á mörkum þess að vera marktæk.

Heildarmat: Nýr fasi er kominn í gosið. Hraun er hætt að renna og mestur hluti kvikunnar er sundrað í kröftugu sprengigosi. Gosmökkur rís hátt yfir gosstöðvum og má búast við töluverðu gjóskufalli undan vindi. Ekkert bendir til þess að gosi sé að ljúka.